

Nemaleyfi í vélvirkjun

Tilgangur vinnustaðanáms er að auka færni nemenda til þess að takast á við raunveruleg verkefni í fyrirtækum, þjálfra verktækni og fagleg vinnubrögð en öðrum þræði er námstíminn ætlaður til þess að þjálfra nemandann til þátttöku í vinnustaðamenningu fyrirtækja á Íslandi.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla, mál- og véltæknigreina segir m.a. um markmið sérnáms í vélvirkjun:

Markmið náms í vélvirkjun er að kenna og þjálfra nemendur til þess að takast á við störf vélvirkja þ.e. annast uppbyggingu, vinnsluferli og viðhald véla, kælikerfa, loftstýringa, framkvæmt bilanaleit og stýringar. Nemandinn á að þekkja umhverfis- og öryggisreglur og á að geta skipulagt vinnu sína í þeirri röð sem hentar best út frá tækni- og hagkvæmnissjónarmiðum og með tilliti til gildandi staðla, reglna og laga. Að námi loknu á nemandi að geta nýtt sér þekkingu sína til áframhaldandi náms til meistararéttinda og framhaldsnáms á tækni- og rekstrarsviði.

Meisturum og iðnfyrirtækjum er heimilt að gera námssamning við iðnnema ef skilyrði 11. gr. reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997 ásamt breytingu nr. 423/2000 er fullnægt. Þar segir:

Til að meisturum eða iðnfyrirtækjum sé heimilt að taka iðnnema á námssamning skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

- a) Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara í þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.*
- b) Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölpætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum. iðngreinarinnar eða að mati starfsgreinaráðs, séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.*
- c) Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.*
- d) Ef ekki reynist unnt að mati viðkomandi starfsgreinaráðs að uppfylla skilyrði a-liðar hér að ofan er heimilt að víkja tímabundið frá ákvæðum hans, að settum nánari skilyrðum menntamálaráðherra.*

Samkvæmt 12 gr. reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997 skuldbindur meistari eða iðnfyrirtæki sig með gerð námsamnings til að veita nemanda kennslu í iðngreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega þjálfun í öllum störfum er iðngreinin tekur til og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhvalda og tækja sem notuð eru í iðngreininni.

Hafi iðnfyrirtæki eða meistari ekki nægjanlega fjölpætta starfsemi með höndum má samkvæmt 13 gr. reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997 heimila frávík þannig að nemandinn hljóti þá þjálfun sem upp á vantar hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks frávíks í samningi og leggja fram með námssamningi samþykki allra aðila um fyrirkomulag starfsþjálfunar nemandans. Nemaleyfisnefnd heimilar slík frávíki telji hún tilefni til og rökstuðning fullnægjandi.

Forsvarsmenn fyrirtækis sem gerir námssamning við nemanda skulu ávallt skipa nemandanum tilsjónarmann á vinnustað. Tilsjónarmaður nemanda á vinnustað gegnir í raun sama hlutverki og iðnmeistari sem skipuleggjandi, leiðbeinandi og trúnaðarmaður nemandans. Hann hefur tvíþættum meginskyldum að gegna. Annars vegar hefur hann skyldur gagnvart nemandanum. Honum ber í fyrsta lagi að sjá til þess að nemandinn fái þá fræðslu, tilsögn og þjálfun sem hann á kröfu til. Í öðru lagi gætir hann hagsmuna síns fyrirtækis og er ábyrgur fyrir því að útvega fyrirtækinu starfsmenn framtíðarinnar með þeirri þekkingu og færni sem fyrirtækið telur sig þurfa. Því er ljóst að tilsjónarmaðurinn þarf að hafa margvíslega þekkingu og hæfni og ekki síst metnað til að sinna sínu hlutverki af kostgæfni. Nánar um tilsjónarmanninn hlutverk hans og kröfur er að finna í námskrá um vinnustaðanám kafla 3.4.

Iðnfyrirtæki eða meistari hafa starfsleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt lögum nr. 46/1980 13 kafla gr. 90 – 97 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Iðnfyrirtæki eða meistari hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins samkvæmt lögum nr. 7/1980 4. gr. um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997, aðalnámskrár framhaldsskóla málm- og véltæknigreina og námskrá um vinnustaðanám mun nemaleyfisnefnd meta hæfi einstakra iðnfyrirtækja eða meistara til að taka nemendur á námssamning.

Í ljósi ofangreindra tilvitnana í lög, reglugerðir og námskrár ber nemaleyfisnefnd að ganga úr skugga um að:

- a) *forsvarsmáður fyrirtækis hafi kynnt sér þær lagagreinar sem lúta að starfsnámi, reglugerðir og námskrár*
- b) *tilsjónarmaður hafi verið skipaður og hann uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar*
- c) *fagþekking sé til staðar í fyrirtækinu*
- d) *verkefni séu nægjanlega fjölþætt*
- e) *vinnustaður eða verkstæði sé með fullnægjandi aðstöðu til kennslu, ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.*

Nemaleyfisnefnd skilar álitum sínum til IÐUNNAR fræðsluseturs, sem svarar beiðni iðnfyrirtækis eða meistara samkvæmt því.

Vilji iðnfyrirtæki eða meistari ekki una niðurstöðu nemaleyfisnefndar má áfrýja úrskurði nefndarinnar skriflega til Starfsgreinaráðs í málm-, véltækni- og framleiðslugreina. Aðsetur Starfsgreinaráðs er hjá IÐUNNI – fræðslusetri að Skúlatúni 2, 105 Reykjavík.

Nemaleyfisnefnd í vélvirkjun
Júní 2005